



ORKUSTOFNUN

Yfirborðsrannsóknir við Nesjavelli sumarið
1985

Knútur Árnason

Greinargerð KÁ-85-02

Yfirborðsrannsóknir við Nesjavelli sumarið 1985.

Útivinna við hina einstöku verkþætti er ýmist hafin eða að hefjast.

Jarðfræðikortlagning hófst 22. maí, en áður hafði verið farið á svæðið og aðstæður kannaðar. Kortlagningin hefur gengið þokkalega. Þyngdar-mælingar hófust 26. maí. Mældir hafa verið á annað hundrað punktar einkum á vesturhluta svæðisins. Á næstu dögum er gert ráð fyrir að ljúka mælingum á þeim hluta svæðisins og er þá útivinna u.þ.b. hálfnuð. Síðan mun verða hlé á þyngdarmælingum fram í miðjan ágúst, vegna mælinga fyrir bandarískra herinn.

Landhæðarmælingar hófust 30. maí. Upphaflega var áætlað að hefja þetta verk um miðjan maí, en vegna aurbleytu á Nesjavallavæðinu var annað verk sett framfyrir. Gert er ráð fyrir að landhæðarmælingunum ljúki um eða upp úr miðjum júní.

Lögð hefur verið út ein viðnámsmælilína með A-V stefnu um miðbik mæli-svæðisins. Þá hefur verið gengið frá tengingum á gömlu símalínunni í átt til Hagavíkur til notkunar fyrir "óendanlegan" straumpól í viðnáms-lengdarmælingum. Viðnámsmælingaflokkur mætir á Nesjavöllum að kvöldi 3. júní og mælingar hefjast að morgni 4. júní.